

Mánudagur, 25. júní, 2007

Ákvörðun nr. 27/2007

Samruni Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar

1.

Með bréfi dagsettu 3. maí 2007 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar. Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu um samruna. Hófst sá 30 daga frestur sem Samkeppniseftirlitið hefur til þess að taka afstöðu til samruna því ekki fyrr en fullnægjandi upplýsingar höfðu borist. Bárust þær með bréfi dagsettu 15. júní. Hafði Samkeppniseftirlitinu þá borist samrunaáætlun og ársreikningar aðila auk ýmissa annarra gagna. Hefur Samkeppniseftirlitið vegna rannsóknar málsins óskað eftir ýmsum gögnum frá samrunaaðilum og fyrirtækjum sem starfa á sömu eða sambærilegum mörkuðum.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaæftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Sparisjóður Siglufjarðar er sparisjóður í skilningi VIII. kafla laga um fjármála-fyrirtæki nr. 161/2002 og rekur hann afgreiðslu á Siglufirði. Sparisjóður Mýrarsýslu á 100% stofnfjár Sparisjóðs Siglufjarðar. Sparisjóður Skagafjarðar er einnig sparisjóður í skilningi laga um fjármála-fyrirtæki. Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Skagafjarðar eru 117 talsins. Sparisjóður Skagafjarðar er með aðsetur á Sauðárkróki og rekur þar afgreiðslu.

3.

Fram kemur í samrunaskrá aðila að uppi hafa verið hugmyndir um að styrkja stöðu Sparisjóðs Skagafjarðar frá árinu 2000 og gera hann þannig arðbærari. Ekki tókst að koma rekstri sjóðsins í ásættanlegt horf og var því leitað eftir samruna við annan sparisjóð og varð Sparisjóður Siglufjarðar fyrir valinu. Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar hafði einnig rætt með hvaða hætti hægt væri að auka hagkvæmni í rekstri og var tekin sú ákvörðun að ganga til viðræðna við stjórn Sparisjóðs Skagafjarðar um samruna sjóðanna. Samrunaáætlun aðila er dagsett 25. apríl 2007.

Í samrunaskrá aðila kemur fram að sameiginlegt markmið þeirra sé að veruleg hagræðing verði af sameiningunni þar sem samlegðaráhrifin geti verið mikil.

Um er að ræða algeran samruna að lögum þar sem Sparisjóði Skagafjarðar verður slitið án skuldaskila og sjóðurinn sameinaður Sparisjóði Siglufjarðar. Við sameiningu munu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Skagafjarðar eingöngu fá stofnfé í Sparisjóði Siglufjarðar í skiptum fyrir stofnfé sitt. Hlutur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Skagafjarðar verður 12% í hinum sameinaða sjóði. Réttindum og skyldum Sparisjóðs Skagafjarðar telst lokið við sameiningu þann 1. janúar 2007 og tekur Sparisjóður Siglufjarðar við öllum réttindum og skyldum yfirtekna sjóðsins frá og með þeim degi.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Sparisjóðs Siglufjarðar og umsvif eru að meginstefnu til á Norðurlandi en þar hefur sparisjóðurinn rekið afgreiðslu á Siglufirði. Móðurfélag Sparisjóðs Siglufjarðar, Sparisjóður Mýrarsýslu rekur afgreiðslu í Borgarnesi og á Akranesi ásamt því að reka skrifstofu í Reykjavík. Á Norðurlandi og starfssvæði Sparisjóðs Mýrarsýslu reka þrír stórir viðskiptabankar afgreiðslur. Þegar horft er til sterkrar samkeppnisstöðu þessara keppnauta samrunaaðila, sem lýsir sér meðal annars í umtalsverðum efnahagslegum styrkleika og breiðu vöruúrvali, og aðstæðna að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið ekki að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar um yfirtöku hins fyrrnefnda á hinum síðarnefnda felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson